

GJALDSKRÁ

fyrir kaldavatnsveitur hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

1. gr.

Vatnsgjald.

Vatnsgjald er 0,30% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða, þó að hámarki 35.000 kr. og að lágmarki 23.000 kr.

Vatnsgjald atvinnuhúsnæðis skal vera 0,2% af fasteignamati þó að lágmarki 23.000 kr.

Vatnsgjald sumarhúsa skal vera 20.000 kr.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og ákveðnir eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

2. gr.

Heimæðargjald.

Heimæðargjald vatnsveitu Skeiða- og Gnúpverjahrepps er kr. 150.000. Innifalið í gjaldinu er tenging við vatnsveitu sveitarfélagsins og efniskostnaður síðustu 25 metra að húsi miðað við 25 mm þvermál rörs. Skilyrt er að starfsmaður sveitarfélagsins sjái um tengingu við vatnsveitu og samþykki frágang lagnar. Gjaldtaka hefst eftir að starfsmaður sveitarfélagsins hefur staðfest tengingu þó ekki sé lokið byggingum sem standa eiga á eigninni.

Heimæðargjald miðast við byggingarvísitölu og uppfærast á hverju ári. Byggingarvísitala í janúar 2009 er 489,6 stig.

3. gr.

Mælisgjöld.

Í fyrirtækjum og hjá einstaklingum þar sem vatn er notað umfram það sem talist getur eðlilegt, eða þar sem rekstur krefst mikillar vatnsnotkunar, er heimilt auk vatnsgjalds að innheimta sérstakt gjald, notkunargjald. Notkunargjald skal notandi að jafnaði greiða samkvæmt notkun vatns mældri í rúmmetrum. Notkunargjald er 23 kr./m³.

Fyrir rennismæla skal greidd mælaleiga á ári eftir stærð mælis:

15 mm	7.386 kr.
20 mm	7.522 kr.
25 mm	9.683 kr.
32 mm	10.842 kr.
50 mm	15.965 kr.
80 mm	41.787 kr.

4. gr.

Annað.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 6. október 2009 skv. reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur eldri gjaldskrá sem birt var á heimasíðu sveitarfélagsins og á álagningarseðlum úr gildi.

Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 19. janúar 2010.

Gunnar Örn Marteinnsson oddviti.